

AUGLÝSING

um staðfestingu á reglum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra kunngjörir hér með að hann hefur staðfest reglur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, settar á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 5. gr., 2. mgr. 5. gr., 1. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 61/1997 um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og samþykktar af stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Skulu reglur þessar, sem birtar eru sem fylgiskjal með auglýsingu þessari, taka gildi við birtingu þeirra í B-deild Stjórnartíðinda.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 26. apríl 2013.

Steingrímur J. Sigfússon.

Kristján Skarphéðinsson.

Fylgiskjal.

REGLUR Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

I. KAFLI

Starfsreglur, sbr. 1. tl. 1. mgr. 5. gr.

1. gr.

Almennt.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur að leiðarljósi að fjárfesta í fyrirtækjum þar sem vænta má mikils virðisauka og arðsemi af starfseminni og góðrar ávöxtunar fyrir Nýsköpunarsjóð.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins hagar starfi sjóðsins á hverjum tíma þannig að það tryggi sem best virkan markað áhættufjár frá viðskiptahugmynd til vaxtar.

2. gr.

Stjórn.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins skiptir með sér verkum og ákveður starfshætti sína og fundahöld. Skylt er að halda fund þegar a.m.k. tveir stjórnarmenn óska þess. Fundur er ályktunarhæfur ef þrír stjórnarmanna sækja fund. Að jafnaði skal boða fund með viku fyrirvara. Halda skal gerðabók.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins annast þessi verkefni auch þeirra er lög bjóða:

1. Hefur yfirumsjón með starfsemi sjóðsins í samræmi við lög og reglur, mótar stefnu sjóðsins og fylgist með starfsemi hans og rekstri.
2. Ákveður starfs- og launakjör framkvæmdastjóra.
3. Mótar fjárfestingarstefnu sjóðsins.
4. Tekur ákvörðun um hlutafjárkaup, lánveitingar, og ábyrgðir að fengnum tillögum frá framkvæmdastjóra.
5. Stjórn sjóðsins getur veitt framkvæmdastjóra heimild til að taka ákvarðanir um hlutafjárbáttöku, veitingu lána, og ábyrgða innan tiltekinna marka. Slíkar heimildir skulu koma fram í bókunum stjórnar.
6. Tekur lokaákvörðun um allar meiriháttar aðgerðir.
7. Setur stjórn og starfsmönnum siðareglur.

3. gr.

Framkvæmdastjóri.

Framkvæmdastjóri skal tryggja stöðugleika og vöxt Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins þannig að sem mest arðsemi sé af starfseminni samhliða því að sjóðurinn uppfylli sem best lögbundnar skyldur

sínar. Til að ná þessum markmiðum vinnur framkvæmdastjóri markvisst að því að styrkja stoðir sjóðsins með áherslu á gæði og fyrsta flokks vinnubrögð.

Framkvæmdastjóri situr fundi stjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

4. gr.

Fjárfestingaráð.

Fjárfestingaráð hefur það hlutverk að vega og meta fjárfestingarkosti. Ráðið er skipað starfsmönnum sjóðsins. Minnst þrjá ráðsmenn þarf til að það sé starfhæft. Hverju sinni skal það skipað framkvæmdastjóra en hinir tveir koma úr hópi sérfræðinga. Framkvæmdastjóri getur óskað eftir að formaður stjórnar NSA sitji fundi ráðsins þegar sérstök ástæða þykir til.

Þegar um fjárfestingu Sjóðs græna hagkerfisins er að ræða, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 451/2009, skal fjárfestingaráð hafa hliðsjón af skriflegu áltí sérstaks fagráðs sem skipað er fimm fulltrúum. Tveir fulltrúar eru tilnefndir af umhverfis- og auðlindaráðuneyti, tveir af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og einn af stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Fulltrúarnir skulu búa yfir menntun og reynslu á sviði grænnar fjárfestingar sem nýtist í störfum fagráðs. Fagráðið skal skipað til þriggja ára í senn og skal í störfum sínum vinna eftir fjárfestingarstefnu Sjóðs græna hagkerfisins sem sett er á grundvelli reglugerðar um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 451/2009.

5. gr.

Fjármögnun fjárfestingarverkefna.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins fjármagnar fjárfestingarverkefni með hlutafjárframlagi, þ.e. kaupum á hlutabréfum. Við kaup á hlutafé skal meginreglan vera su að gerður er hluthafasamningur. Í hluthafasamkomulagi skal m.a. skilgreina sameiginleg markmið með fjárfestingunni, hlutdeild í stjórn félagsins og forgang til söluverðs hlutabréfa auk annarra atriða sem við eiga í hverju tilfelli.

Þegar ekki er talið mögulegt að mati stjórnar sjóðsins að taka þátt í verkefni með hlutafjárfakupum, eða sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, er sjóðnum heimilt að veita sérstök lán, svo sem lán með breytirétti í hlutafé eða lán með kauprétti hlutafjár. Skal þá gera sérstakan lánssamning þar sem meðal annars skal kveðið á um hlutdeild sjóðsins í ávöxtun af viðkomandi fjárfestingu, hugsanlegar tryggingar og um rétt sjóðsins til eftirlits og/eða stjórnunarlegra áhrifa.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita ábyrgðir til þeirra fyrirtækja sem sjóðurinn hefur þegar fjárfest í enda sé það liður í sameiginlegri ákvörðun meðfjárfesta um slíka fjármögnun. Slíkar ábyrgðir skal veita gegn gjaldi sem tekur mið af áhættu sjóðsins í verkefninu. Í sammingum um ábyrgðarveitingar er heimilt að kveða á um rétt sjóðsins til eftirlits.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins skal halda skrá yfir þá sem koma til greina sem meðfjárfestar við fjárfestingar Sjóðs græna hagkerfisins. Skilyrði þess að vera tekinn á slíka skrá er að viðkomandi aðili undirriti viðeigandi samstarfssamning um hugsanlegar fjárfestingar með sjóðnum. Stjórn Nýsköpunarsjóðs ákveður skilyrði sem uppfylla þarf fyrir skráningu, m.a. um undirritun trúnaðar-yfirlýsingar gagnvart viðkomandi fjárfestingarverkefni.

6. gr.

Stærðarmörk fjármögnunar.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins miðar við að verja ekki hærri fjárhæð en sem nemur 10% af eiginfé sjóðsins til fjármögnunar einstaks verkefnis og ekki hærri fjárhæð en sem nemur 15% til fjárfestingarverkefna á vegum eins aðila eða tengdra aðila.

Hlutdeild sjóðsins í fjármögnun hvers verkefnis skal ekki nema hærri fjárhæð en sem nemur 49% af heildarfjármögnun viðkomandi verkefnis. Heimilt er við sérstakar aðstæður að víkja frá þessu skilyrði, en svo fljótt sem aðstæður leyfa skal minnka hlutinn þannig að hann verði innan settra marka.

Hlutdeild Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins í fjármögnun hvers verkefnis skal að öðru jöfnu miðast við að sjóðurinn fái stjórnunarleg áhrif.

Ákvæði þessarar greinar um stærðarmörk gildir ekki um þátttöku í samlagssjóðum eða samlags-hlutafélögum.

7. gr.
Málsmeðferð.

Við meðferð mála skal ávallt farið að reglum, sem stjórn sjóðsins hefur samþykkt, og fram koma í fjárfestingarhandbók Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og tilheyrandi ferlum fyrir fjárfestingar og endurfjárfestingar, ásamt flokkunar- og matskerfi einstakra fjárfestinga.

Ákvarðanir um fjárfestingar skulu ávallt fara fyrir fjárfestingaráð.

Eftirtaldar upplýsingar skulu m.a. liggja fyrir svo unnt sé að taka afstöðu til þátttöku sjóðsins í verkefni:

1. Lýsing á verkefninu, þ. á m. markmiðum, væntanlegum árangri, skipulagi, mörkuðum, dreifi-leiðum og stjórnun verkefnisins.
2. Upplýsingar um aðstandendur verkefnis, starfsemi þeirra, fjárhagsstöðu, þekkingu og reynslu af rekstri, og áætlaðan eignarhlut þeirra og viðskipti við hið nýja félag.
3. Sundurliðun fjárfestingar og áætluð fjármögnun, skipting framlags aðstandenda.
4. Upplýsingar um helstu áhættuþætti, nauðsynleg leyfi, áhrif á umhverfi og tímaáætlani.

Starfsmenn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins eru bundnir trúnaði um þær upplýsingar sem berast. Starfsmenn sjóðsins skulu, eftir því sem við á, skýra aðstandendum verkefnisins frá athugasemdum sem þeir hafa fram að færa varðandi fram komin gögn og áform og veita þá ráðgjöf og upplýsingar sem verkefninu kunna að gagnast.

Gæta skal sömu sjónarmiða um málsmeðferð og mat á þátttöku þegar ákvörðun er tekin um að veita lán með breytirétti eða kauprétti og við ákvarðanir um veitingu ábyrgða til fyrirtækja þar sem sjóðurinn á hlut.

Þegar um fjárfestingu Sjóðs græna hagkerfisins er að ræða skal liggja fyrir mat á áætluðum ávinningi af fjárfestingunni fyrir umhverfið og fyrir samkeppnishæfni Íslands.

8. gr.
Eftirfylgni.

Fjárfestingu í hlutabréfum skal fylgja nán eftirfylgni gagnvart því fjármagni sem Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins leggur fram. Sjóðurinn skal jafnan gæta hagsmuna sinna í þeim fyrirtækjum sem fjármagn er lagt í með þátttöku í stjórn.

Þegar um fjárfestingu Sjóðs græna hagkerfisins er að ræða skal það félag sem fjárfest er í fyrir lok hvers árs gera Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins grein fyrir því hvernig miðar varðandi sett markmið og árangur. Sjóðurinn skal gera grein fyrir þessu í ársrekningi.

9. gr.
Sala hlutabréfa.

Stefnt skal að því að selja þau hlutabréf sem Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins eignast í einstökum félögum strax og viðunandi arðsemi fæst og að jafnaði eigi síðar en 10 árum eftir fjárfestingu.

II. KAFLI
Mat á fjárfestingarverkefnum, lánum og ábyrgðum, sbr. 2. mgr. 5. gr.

10. gr.

Almenn skilyrði.

Almenn skilyrði fyrir þátttöku Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins í fjárfestingarverkefnum eru þessi þegar ráðist er í fjárfestingu:

1. Verkefnið taki mið af stefnu Vísinda- og tækniráðs eins og hún er á hverjum tíma.
2. Verkefnið feli í sér umtalsverða rannsókna-, þróunar- eða hönnunarstarfsemi, að jafnaði minnst 10% af veltu. Almennt skal miða við að starfsmenn séu ekki fleiri en 50.
3. Þátttaka í verkefninu geti skilað sjóðnum viðunandi arðsemi í ljósi áhættu og staðið undir kostnaði við skoðun og þátttöku.
4. Samstarfsaðilar hafi fjárhagslegan styrk til að standa við sinn hlut í fjármögnun verkefnisins.

5. Samstarfsaðilar búi yfir nægri þekkingu, rekstrarreynslu, tæknilegri getu, hæfni og viðskiptatengslum.
6. Fjárfestingarverkefni sé vel skilgreint og afmarkað frá öðrum rekstri þeirra sem koma að verkefninu.
7. Heildarfjármögnun verkefnisins sé tryggð.
8. Fyrir liggi ítarleg viðskiptaáætlun og hægt sé að meta viðskiptalega og fjárhagslega áhættu á grundvelli hennar.
9. Fyrir liggi skilgreindir möguleikar sjóðsins til sölu á sínum hlut með hagnaði.

Þegar um fjárfestingu Sjóðs græna hagkerfisins er að ræða skulu auk hinna almennu skilyrða í 1. mgr. vera skilyrði fyrir þátttöku Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins í viðkomandi fjárfestingarverkefnum að fjárfest sé í umhverfistækni og umhverfisvænni starfsemi. Með því er átt við hvers konar nýsköpun sem t.d. getur fallið undir eftirfarandi starfsemi: Starfsemi sem er til þess fallin að minnka efnisaðföng, stuðla að orkusparnaði, sjálfbærri nýtingu auðlindanna, þróun umhverfisvænna orkugjafa, efla umhverfisvæna starfsemi með minni mengun og bættri nýtingu og endurvinnslu úrgangs.

11. gr.

Áhætta og arðsemi.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er reiðubúinn að taka hliðstæða fjárhagslega áhættu í þeim verkefnum sem hann og samstarfsaðilar hans taka þátt í og væntir jafnframt hliðstæðrar arðsemi af þátttöku sinni.

III. KAFLI

Ávöxtun eigin fjár sem ekki er bundið í fjárfestingarverkefnum, sbr. 1. mgr. 7. gr.

12. gr.

Ávöxtun eigin fjár.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins leitar allra leiða til að ávaxta eigið fé sitt á sem árangursríkastan hátt og hámarka þannig árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins.

Við ávöxtun eigninfjár skal gætt að eðlilegri áhættudreifingu í eignasamsetningu.

Einungis skal fjárfesta í framseljanlegum verðbréfum sem skráð hafa verið á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti. Sjóðnum er þó einnig heimilt að nota óskráða og óframseljanlega afleiðusamninga í gjaldeyrisviðskiptum í því skyni að draga úr gengisáhættu af erlendum fjárfestingum sínum. Mótaðili slíkra samninga skal vera fjármálfyrirtæki með viðurkennt lánsþæfismat.

Ekki skal fjárfesta fyrir meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda. Þrátt fyrir þetta má fjárfesta fyrir allt að 35% af eignum í verðbréfum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast.

Ekki skal fjárfest fyrir meira en 10% hlutafjár í einstökum hlutafélögum á almennum hlutabréfamarkaði og ekki fyrir meira en 25% hlutafjár í einstökum hlutabréfasjóðum.

IV. KAFLI

Afskriftir fjárfestinga, sbr. 1. mgr. 9. gr.

13. gr.

Afskriftamat.

Við mat á framlagi í afskriftareikning skal taka tillit til hvort um hlutafjárpáttöku eða lán er að ræða, tapshættu vegna atvinnugreina, fjárhagsstöðu samstarfsaðila og samninga að öðru leyti.

Við mat á afskriftum skal miða við reynslu hliðstæðrar starfsemi hér lendis og í nágrannalöndum. Í þessu skyni skal vinna líkan sem m.a. sýnir endurheimtuferli hlutafjárpáttöku. Endurmeta skal framlög á afskriftareikning á sex mánaða fresti.

Hlutafé eða lán skal færa sem endanlega tapað þegar eitthvert eftirtalinna skilyrða eru uppfyllt:

1. Við lok gjaldþrotaskipta.
2. Við skuldaeftirgjöf eða niðurfærslu hlutafjár eða skulda.

Nr. 394

26. apríl 2013

3. Þegar sjóðurinn hefur tekið ákvörðun um lok innheimtu.
 4. Þegar ljóst má vera að eign eða krafra er endanlega töpuð.
-

B-deild – Útgáfud.: 30. apríl 2013